



Fundargerð

Fundur í umhverfisnefnd og náttúruverndarnefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 2. apríl 2012, kl. 20:00

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Mariútröð 5a, Reykhólum.

Mættir: Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir og Gústaf Jökull Ólafsson. Einnig sat fundinn Ingibjörg Birna Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð rituð í tölvu og er 1 blaðsíða.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Sorpsvæði í Reykhólahreppi.

Fundað um sorpsvæðin í Reykhólahreppi. Farið í vettvangsferð á sorpsvæðið á Reykhólum og aðstæður kannaðar.

Skoðaðar teikningar og verkplan vegna sorpsvæða á Reykhólum. Nefndinni líst mjög vel á það sem fyrir hana er lagt. Rætt um að halda fundi með forstöðumönnum stofnananna, íbúafund þar sem fulltrúar Gámapjónustunnar mæta og kynna flokkun. Rætt um tunnur við hús í þorpinu, bæklingagerð og fl.

2. Reglugerðir um fráveitu og sorp.

Lögð fram reglugerð um holræsi og holræsagjöld í Reykhólahreppi og samþykkt um sorphirðu á Reykhólum sem birtar voru í Stjórnatíðindum á sínum tíma. Nefndin kynnir sér samþykktir og reglugerðir sveitarfélaga vegna hugsanlegrar endurskoðunar á reglugerð og samþykkt.

Önnur mál: (ef einhver)

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 21:45
